

Skógarvörðurinn á Norðurlandi,

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1944.

Einar G. E. Sæmundsen.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1944.

S k ó g a r h ö g g:

Í Vaglaskógi var höggið á árinu:

| | | |
|--------------------|-----|-----------------------|
| Til eldiviðar | 270 | hestburðir |
| Reykingaviður | 230 | " |
| Til kolagerðar | 105 | " |
| Staurar 2700 stk. | 54 | " |
| Renglur 2150 - | 21 | " |
| Efniviður 5110 fet | 68 | " |
| <u>Alls</u> | | <u>748 hestburðir</u> |

Höggið var í framhaldi af grisjun fyrra árs milli Botnlágar og Húsalágar ogan aðalvegar. Var allt svæðið fullgrisjað hið neðra á þessu ári, en þó einnig haldið töluvert uppeftir. Þar eru þó enn-bá eftir ógrisjaðar spildur. Þessu svæði öllu svipar mjög saman hvað skóginн snertir og vísast því til lýsingar á sama skógi í starfsskýrslu síðasta árs.

Þá var grisjað svæði milli Stokklágar og Bjarkarlundssvegar (of-
arðaga) við nýbraut sem nefnd er Sniðbraut. Þar var krækloftur skógr
ur og mjög feyskinn, enda mun þar ekki hafa verið grisjað um langan
tíma vegna vegarleysis. Sunnan Klettlokjar neðst var grisjuð spilda.
Skógur er þar beinvaxinn, en ungr og því lágor.

Í kúagirðingu var gert til kela, var þar grisjað nokkuð með til-
liti þess að landið er nytjað til beitar (gripa). Þar eru kræklur
miklar og skógurinn ljótur.

Þá var borið niður til höggs hingað og bangaað i útskóginum og
numin á brott toppkalín tré, svo og brotin tré og gamlar feyskjur.
Voru eisir allfá trén skemmd af mannavöldum. Einig olli stórhrið sem
geisaði síðara hluta septembermánaðar 1943 miklum skemmdum og var það
að, koma í ljós fram á betta ár.

Í Sigriðarstaðaskógi var ekkert höggið á árinu.

Í Stórhöfða og Skuggabjargaskóginum var höggið til eldiviðar ca.
60 hestburðir. Þá fengust þar um 1300 staurar og 1106 fet af efnivið
eða samtals um 102 hestburðir. Þar voru einnig höggunar renglur í ytri
girðinguna.

Kolagerð:

Gert var til kola í Vaglaskógi sem fyrr greinir. Lagt var 7 sinnum
í ofninn og fékkst í allt 1155 kg. af viðarkolum. Koma þá aðeins 165
kg. á hvern ofn. Er betta hin lægsta meðaltala sem fengist hefir síðan
þvrtjað var með ofninn, enda er hvorutveggja að kenna að ofninn er nú
mjög farinn að láta sig, svo erfiðleikum er bundið að þvrgja hann að
hverri brennslu lokinni, svo og nokkur mistök. Verði nauðsynlegt að
halda áfram kolagerðinni, verður ekki komist hjá því að útvega nýjan ofn
hið fyrsta.

V e g i r o g g i r   i n g a r:

Vi hald gir inga var likt og undanfarin  r, nema   ytri gir ingunni   Skuggabj orgum. Vegna br l atra vestan ve ra veturninn 1943 - 44 hl o  ni ur  venju miklum snj o  i fjalli  utan Skuggabjarga, sliga ist gir ingin bar   mokkrum st bum og skemmdist ekki alliti . Var  venju snj bungt   pessum sl bum og ur u skemmdir einnig   sy ri gir angunni.

T ni    Skuggabj orgum, sem veri  hefir  vari  si an bygg  lag ist bar ni ur og b i legi  undir miklum  gangi b ufj r, var n  girt b ib ttri gaddav rsgir ingu ofan   gar .

B a var lagt til efni i gir ingu um bj arkar n gra ing   H roarsst bum ca. 600 m.

N jar brautir voru lag ar i Vaglask gi: Hryggbraut af Mi hraut ofarlega ni ur hrygginn sunnan Bortnl gar, si an su ur   b oginn ofan    alveg vi  J niusarl g, ca. 500 m. Sni braut af Bj arkarlundsvegi ne an vi  efstu beygju su ur i Litlu-l g (nor an Stokkl gar) og si an eftir henni ofan   Bj arkarlundsveg r ett ofan vi  vegam t ca. 700 m.

Mj og liti  var unni  a  vi haldi vega (malarbur i o. p. u. l.) vegna fj rskorts.

G r   e   i r e i t u r:

Vori  1944 var afhent  r reitnum:

| | | |
|----------------|--------|------|
| birki | 7.214 | stk. |
| reynivi ur | 2.691 | - |
| vi isti lingar | 3.403. | - |
| fagurvi ir | 80 | - |
| bingvi ir | 40 | - |
| ribs | 323 | - |

Alls 13.751 stk.

S d  var birkif ei i 192 fermetra, var fr ei  allt  r B ajarsta k gi. Fr ei  spira i mj og vel. Strigi var nota ur i yfirbrei slu eins og  ur og gafst  g atlega. Purkar gengu miklir fyrst eftir a  s d var, var  b i a  v kva be in daglega og f r i pa  mikil vinna.

Dreiplanta  var um:

| | | |
|----------------|--------|------|
| Birki | 65.000 | stk. |
| reynir | 4.000 | - |
| vi isti lingar | 3.000 | - |
| ribs | 300 | - |

Alls 72.300 stk.

Mai og júnimánuðit voru mjög kaldir og þurrir. Drápust því mjög margar birkiplöntur fyrstu vikurnar eftir að þeim var dreifplantað.

Í dreifbeðum fyrra árs (1943) komu í ljós geisileg vanhöld eftir veturinn. Var gripið til þess ráðs að færa saman í beðunum og dugðu plönturnar tæplega í helming hins upphaflega svæðis. Eins og sjá má af skýrslu '43 urðu mikil vanhöld á þessum plöntum fyrstu vikurnar eftir dreifplöntun, en við það bættist nú að rjúpur herjuðu mjög á græðireitinn s. l. vetur og klipptu toppbrumini af flestum plöntunum og gjöreyðilögðu margar. Allt olli þetta miklum töfum og hlaust að því kostnáður sem ekki var gert ráð fyrir. Þessi dreifbeð ('43) þurftu ekki síður vökvunar við en hin nýju.

Vegna hinna langvarandi þurka fór geysileg vinna í vatnsburð á þessu vori. Efni til vatnsleiðslu fékkst lokins 23. júní og var henni komið upp samstundis. Létti hún stórum undir með allri vökvun reitsins og sparaði stórum vinnukraft, og enda henni eflaust mest að þakka að nokkuð af plöntum hjarði af þurkana.

Dreifbeðin voru öll þakin mosa strax eftir að dreifplantað hafði verið í þau. Mosinn hélt moldinni rakri langt um lengur en ella hefði verið. Ofan á hann var lagt hrís til þess að hann fyki síður.

Vegna fjárvorkorts var ekki ráðist í frekari stækjun reitsins á þessu ári, en þau stykki er áður voru unnin fullnotuð. Þó var byrjað á því að breyta neðri hluta gamla reitsins í það horf sem fyrirhugað er.

Fraðbeiðn frá vorinu 1943 döfnuðu mjög vel þetta sumar og létu hvorki þurka né kulda tefja vöxt sinn. Þeim var gefinn drjúgur skammtur af ammophos í mai (8 kg. af ammophos pr. 100 m²).

Húsdýraáburður var keyptur í reitinn um 12 tonn mykja og 3 tonn sauðatað. Ennfremur var fengið loforð fyrir mörgum bilförmum af sauðataði og einnig mykju, sem ekki vannst tími til að flytja í reitinn á s. l. hausti.

Þar sem mestur hluti reitsins er nú undir dreif og fraðbeðum, verður ekki hjá því komist að stækka hann allmikið á næsta vori, ef dreifplanta á nokkurum hluta þess sem þá verður tveggja ára í fraðbeðum.

B y g g i n g a r:

Lokið var við byggingu skálans í græðireit. Er það allvönduð bygging með 2 svefnklefum, tekur annar 6 í rúm en hinn 4 í rúm, og og eldhúsi. Skálinn er 4.5 x 5 m að stærð og er byggður á fast bílskúrnum.

B i f r e i ð i n A - 1 5 7 .

Bifreiðin A. 157 var á Vöglum frá 8, maí og notuð til allra flutninga á viði, plöntum og byggingarefní og í græðireitnum. Einnig til flestra ferðalaga skógarvarðarins vegna starfseminnar.

Ferðalög skógarvaraðar:

Í marzmaunuði fór ég austur á Húsavík og sat þar stjórnarfund Skógræktarfélags Suður-Bingeyina. Til Akureyrar tvívegis sérstakra erinda í sambandi við kaup á þórðarstöðum.

28. apríl fór ég til Akureyrar á leiðis suður til Reykjavíkur, kom þangað 1. maí. Siðan norður aftur 4 s. m. á bifreiðinni A 157, kom heim 6. maí. Fór 13. maí austur í Fosshól með Landgræðslusjóðsmiða í austurhreppana.

11. júni fór ég vestur í Skagafjörð til leiðbeiningar við sánningar. Með mér fór vestur Stefán Júliusson frá Hrísgarði og á Akureyri slóst í förina Sigurður Jónasson, varðstjóri. Var hann með okkur allan tímann sem við unnum að sáningum í Skagafirði. Á Reykjardóli var sáð í girðingu sem Skógrækt ríkisins hafði sett upp á s. 1. sumri ('43). Sáð var birkifræi á viðavangi með K.-Hansens aðferðinni, en í stað torfljáa voru notaðir plöntuhakar. Einnig var sáð birkifræi í tvö beð innan sömu girðingar. Á Reynistað var sáð í girðingu frá s. 1. sumri. Þar er jarðvegur helzt til þurr, og být ég þar ekki við góðum árangri. Á Sauðárkróki hitti ég Guðrúnú Sveinsdóttir, kennslukonu, hina ötulu trjáráktarkonu þeirra Skagfirðinga. Skoðaði ég þar hja henni trjágarð þorpsins.

Á Hálum í Hjaltadal var sett upp girðing 1943 til skógræktar. Landið sem girt var liggur utan túngirðingarinnar gömlu (norðan við gróðrarstöðina) og hefir verið örtröð um langan aldur. Enda hafði grasvöxtur tekið mjög við sér, við friðunina. Innan þessarar girðingar var sáð í allstórt svæði, aðallega í kinnung er veit á móti norðri, til þess frekar að tryggja spirun fræsins. Skólapiltar hjálpuðu til við sáninguna og kennarar. Annars er rétt að geta þess að fyrir nokkrum árum, áður en girt var, fann Björn Simonarson kennari nokkrar smávaxnar birkiplöntur a þessum slóðum. Hefir frá auðsjáanlega borist af trjánum heima í gróðrastöðinni og fest barna rætur, þrátt fyrir sífelldan troðning búfjárlins. Þó mun eitthvað hafa verið sáldr-að barna af birkifræi (Vigfús Helgason, kennari) en ekki vitað um neinn sérstakan árangur af því. Heima í gróðrarstöðinni hafði skólastjórin, Kristján Karlsson, sáð birkifræi í tvö beð 1942, var mjög strjált í öðru þeirra. Voru því plönturnar færðar saman í því beði og sáð að nýju.

Hjá Ólafi Sigurðssyni bónda á Hellulandi var sáð í allstóra spildu innan girðingar sem sett var upp á sama tíma og hinari fyrr-nefndu. Barna var raklent og því von um góðan árnagur. Hefir Ólafur óvenjumikinn águga fyrir skógrækt og er maður stórhuga til þeirra átaka. Hefir hann sáð birkifræi undanfarin ár ofan og sunnan þejarins á holtadrög. Spiraði fræið þar með ágætum en sennilega hefir verið rist fulldiúpt í jarðveginn, því holklaki hefir mjög lyft upp smáplöntunum og þær bá drepið, en þó hjarir nokkur hluti þeirra í jöðrum hólanna.

A Viðivöllum í Blönduhlíð athugaði ég girðingar þær sem Skógræktin hefir girt þar. Eru þær tvær, fyrir norðan þeinni, sitt hvoru megin vegarins. Þær var fyrst sáð birkifræi 1928 (?) með heldur litlum árangri, enda mun hafa hitzt á mjög óheppilegan sáttíma. Þó eru nú til allvæn tré af þessum árgangi. Siðan hefir Lilja Sigurðardóttir sáð nokkuru í girðingarnar. Hefir sáning frá 1943 (sáð mjög snemma vors) borið sérstaklega góðan árangur. Ekki var sáð á Viðivöllum í þetta sinn, en þá mun gert snemma næsta vor.

Þess skal að lokum getið að vegna anna minna sá Stefán Júliusson að mestu um sáningarnar á Hellulandi og Reynistað, og var Sigurður Jónasson með honum við þær. Ég kom heim úr bessari ferð 15. júní en Stefán tveim dögum síðar. Sigurður Jónasson fylgdist með þessum sáningum um súmarið. Kvað hann fræið allstaðar hafa spírað vel. Ég sá sjálfur sáninguna á Reykjarhóli í haust og fannst mér árængur allgóður.

18. júní sat ég aðalfund Skógræktarfélags S.-Þingeyinga að Laugaskóla.

24. júní fór ég vestur í Svarfaðardal og leiðbeindi þar við birkifræsáningu. Skógræktarfélag Svarfdæla hefir komið upp girðingu um landspíldu sem félagið hefir fengið úr Steindyralandi. Var sáð þar í beð. Aðalhvatumenn málsins þar vestra eru þeir Ármann Sigurðsson á Urðum og Halldór á Melum.

26. júní fór ég austur í Yzta-Fell í Köldukinn og varldi þar land til skógræktar og ákvað girðingarstæði. U. M. Fel. í Kinn gekkst gekkst fyrir bví að koma upp bessari girðingu og var hún sett upp í sjálfbööaliðswinnu á einni nóttu. Félagið naut styrks frá Skógræktarfelagi S.-Þingeyinga til efniskaupa. Þarna leiðbeindi ég einnig við sáningu og gróðursetningu. Á heimleiðinni kom ég við í Hriflu til leiðbeiningar.

4. júlí fór ég aftur að Yztafell til þess að ákveða girðingarstæði um Yztafellsskóg og skógana norðan hans meðfram Skjálfandafljóti. Var þarna um alllanga girðingu að ræða sem girt var úr maði-veiki girðingu (frá 1942) norður fjallið austanvert og ofan í fljót. Skógræktin lagði til efni í þessa girðingu en meðiveikinefnd greiddi uppsetninguna. Skógarnir eru eftir sem áður eigna jarðareigenda en emi alfriðaðir og grítsjún skal fara fram samkvæmt fyrirmælum skógarvarðar.

12. júlí fór ég með skógræktarstjóra og Gunnlaugi Kristmundssyni sandgræðslustjóra um Yztafellsskóg og Aðaldalshraun utanvert milli Laxár og Sandsbæja. Var athugaður uppblástur þar, allt frá sjávar-kambi, og skemmdir af hans völdum á skóginum suður í hrauninu, Horfir þar mjög til auðnar ef ekkert er að gert.

Þá fór ég 14. júlí ásamt skógræktarstjóra og lfeirum suður í Bóréarstaði. Var aðallega riðið um skógin sunnan bæjar og hann athugaður

16. júlí fór ég með skógræktarstjóra áleiðis austur að Hallormsstað. Var komið við í Ásbyrgi en gist á Grundarhóli á Fjöllum. Á Hallormsstað var davlið til 22. júlí. Var farið mjög um skógin til athugunar. Á Hallormsstað fannst mér merkilegast að sjá hversu vel hefir heppnast með lerkitré þau sem gróðursettu voru á árunum 1937-1939. Er vöxtur þeirra með fádænum góður, ekki hvað síst ef þess er gætt að tiðarfari síðustu þriggja ára, hefir verið mjög slæmt. Lerkitré þessi eru öll vaxin upp af 1 kg. af fræi sem Guttormur fékk árið 1933 (Arkangelsk Rús.) frá Ravn K. höfn. Athugaðir voru skógarnir utan frá Egilsstöðum og fram í Eyjólfssstaði. Komið var við í Beinárgerði. Þar hefir Skógræktarfél. Austurlands komið á fót græðireit að visu í samum stil, en heldur virtist þar ásætt um ýmsa hluti. Sama félag hefir fest kaup á venni spíldu úr Eyjólfssstaðaskógi. Var farið nokkuð um það svæði. Hefir skógurinn orðið fyrir herfilegri meðferð fyrr meir, en landkostir eru með afbrigðum góðir barna fyrir skógar-gróður. enda mun han breiðast þar fljótt út og ná miklum þroska með friðun. Frá Hallromsstað var haldið að Eiðum.

þar gefur að lita óvenju mikinn árnagur eftir friðun eina saman. Þar eru vaxnir úr grasi bjarkarrunnar á aðra mannhæð síðan frið að var 1928. Lerkitré af sama uppruna og þau sem um getur á Hallormsstað hafa verið gróðursett í girðinguna, en hafa ekki náð svipuðum broska og þau á Hallormsstað.

Frá Eiðum var haldið heimleiðis en skroppið ofan í Vopnafjörð og gist þar. Næstu nótt var gist í Byrgi, og farið daginn eftir um Ásbyrgi. Á blásnum sandi norðan vegarins utan við Byrgi athuguðum við tilraun sem Erlingur hafði gert með að leggja hrís til varnar gróðri. Var sýnu meiri gróður kominn þar sem hrísið hafði legið en þar sem ekkert var breitt yfir. Að Vöglum var komið 25. júlí.

Til Reykjavíkur fór ég 7. október á A 157. Frá Akureyri var með mér Guttormur Pálsson. Í Reykjavík dvaldi ég til 17. s. m. Voru þar saman kommir allir skógarverðirnir og mjög rætt um ýmis málefni varðandi skógræktina í framtíðinni. Úr þessari fór kom ég heim 19. okt.

Auk þessara ferða sem nú hafa verið greindar fór ég á bílnum allar þær ferðir sem þurfti til Akureyrar með plöntur og skógarafurðir og svo til heimflutnings á byggingarefninu auk ýmsra annara erinda. Eina söluferð fór ég vestur í Skagafjörð með staura og renglur, 22. október.

Þá fór ég eftirlitsferðir um skóga Skógræktarinnar hér í dalnum eins og þörf krafði. Þann 11. sept. fór ég t. d. með föður minum um Skuggbjargaskógi og Stórhöfða til athugunar á skógarhöggi o. fl. Um þórðarstaðaskógi 12. sept. og oftar.

Að lokum ~~mi~~ vil ég geta bess að mér hefði með öllum verið ókleift að fara svo oft frá græðireitstörfum á s. l. vori, ef faðir minn hefði ekki dvalið hjá mér og haft eftirlit með öllum störfum, meðan ég var fjarverandi.

Y m i s l e g t:

Skógurinn laufgaði óvenjulega seint á þessu vori. Það var ekki fyrr en 18. júní að hægt var að segja að hann væri alllaufgaður. Þrátt fyrir það var hann óvenju gróskumikill þetta sumar. Liturinn var strax ~~ó~~kkgrænn og hélzt fram undir blaðfall, enda var enginn maður í skóginum í þetta sinn. Um mánaðamótin ág.- sept. fór hann að byrja að gulna og feldi að mestu blöðin um 17. september eftir mikil sunnanveður.

Á þessu voru festi Skógræktin kaup á jörðinni Þórðarstöðum í Fnjóskadal. Er meiri hluti jarðarinnar vaxinn allgóðum skógi, sem nauðsyn ber til að friða hið fyrsta, enda fóru kaupin fram með því skilyrði.

Kaupfélög Svalbarðsevrar og þingeinga héldu samvinnuhátið, 6. ágúst í Vaglaskógi. Félögin greiddu 1.000.00 kr. í staðarleigu.

Vöglum 5. feb. 1945.

Einar G. E. Sæmundsen,
- Skógarvörður -